

um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 700 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi ná til sérhverrar starfsemi, þar sem tveir verkamenn eða fleiri vinna, eða notuð er orka, sem er eitt hestafll eða meira, hvort tveggja þó með þeim undantekningum, er greinir í lögum þessum.

Undanþegin lögum þessum eru:

1. siglingar, fiskveiðar og aðrar veiðar, þar með talin aðgerð á veiðinni á skipsfjól, enda sé ekki um sérstök verksmiðjuskip að ræða,
2. loftferðir,
3. vinna í einkaíbúð vinnuveitanda, enda sé um algeng heimilisstörf að ræða,
4. allur almennur búrekstur,
5. almenn skrifstofuvinna.

Ráðherra getur þó, í samráði við öryggismálastjóra, mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og önnur áhöld og mannvirki, sem lög þessi ná ekki til, en ætla má að sérstök hætta geti stafað af, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um.

2. gr. hljóðar svo:

Verkamaður merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem vinnur utan heimilis síns í annars manns þjónustu.

Vinnuveitandi merkir í lögum þessum hvern þann mann, karl eða konu, sem hefur í þjónustu sinni tvo eða fleiri verkamenn.

Sé fyrirtæki, sem lög þessi ná til, rekið af þrem mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra vinnuveitandi samkvæmt þessum lögum, en hinir teljast vera verkamenn, enda vinni þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver sé talinn vinnuveitandi.

Frankvæmdastjóri félags telst vinnuveitandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst vinnuveitandi sá, er umsjón hefur með rekstrinum, og skal það tilkynnt öryggiseftirlitinu, hver það er.

23. gr. hljóðar svo:

Lyftitæki, gálgar, hengibrautir og önnur slík verkfæri skulu vera sterkbyggð og þannig gerð, að sem minnst hætta stafi af þeim fyrir verkamenn. Á þeim skal sérstaklega athuga:

1. hvort allir burðarhlutar (útleggjarar, keðjur, strengir og annað þess háttar) séu nægilega sterkir og sé vel haldið við;
2. að ofhleðsla eigi sér ekki stað;
3. að byrðin sé fest og losuð á öruggan hátt, og
4. að byrðin setji mann ekki í hættu, meðan hún er á lofti.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um öryggisráðstafanir um fermingu og affermingu skipa.

32. gr. hljóðar svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmaður, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

Öryggiseftirlitið hefur samráð við hlutaðeigandi héraðslækni í öllum málum, er snerta heilbrigði verkamanna.

Eigi mega starfsmenn öryggiseftirlitsins hafa eftirlit í fyrirtækjum, þar sem þeir hafa fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Fastráðnir starfsmenn öryggiseftirlitsins skulu hafa störfin sem aðalstörf og mega ekki taka að sér önnur störf, er ætla má, að komi í bága við aðalstarfið.